


Umsögn um frumvarp til lagabreytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, 976. mál

Undirritaður fyrir hönd Bátasmiðjunnar ehf lýsir yfir stuðningi við frumvarp um kvótasetningu á grásleppu og telur að þær breytingar sem í frumvarpinu felast við stjórn veiðanna, muni auðvelda útgerðaraðilum að fást við þær áskoranir sem blasa við í meðaflamálum, markaðsmálum og í arðbærni rekstrar þeirra sem þessar veiðar hafa stundað. En aðilum sem gera út á grásleppu hefur farið ört fækkandi síðustu ár eins og sjá má á stöplaritinu hér að neðan. Heimild: Fiskistofa 2023



Samþjöppun

Mikið hefur verið rætt um samþjöppun aflaheimilda í umræðum um þetta mál. Samlíking samþjöppunar aflaheimilda í krókaflamarki og grásleppu stenst ekki skoðun.

Grásleppan veiðist í mjög misjöfnu magni yfir mjög stutt tímabil sem er misstutt eftir svæðum. Vegna þessa er ákveðinn ómöguleiki fólgin í mikilli samþjöppun heimilda sem sést ef skoðaðar eru aflatölur síðastliðinna þriggja áratuga.

Á þeim tölum sést að aflahæstu bátar eru ekki að ná að veiða 2% af heildarafla á árabili þar sem veiðitímabilið var 90 dagar og netafjöldi mun meiri þá, en hann hefur verið leyfilegur að hámarki síðustu ár. Að vísu var ein undantekning á þessu árið 2020 í fordæmalausri veiði þar sem veiðar voru stöðvaðar á miðri vertíð.

Sú fækkun á bátum sem hafa stundað grásleppuveiðar síðastliðin 12 ár er líklega að mestu tilkominn vegna þess óhagræðis sem núverandi veiðistjórnun býður upp á.

Í frumvarpinu er girt fyrir samþjöppun með tveimur leiðum, sem er svæðisskipting aflaheimilda og 2% hámarkshlutdeild. Ef bætt verður við lögin ákvæði um sömu hámarksstærð báta sem hafa möguleika á að stunda þessar veiðar nú, er enn frekar tryggt að samþjöppun geti ekki átt sér stað nema að takmörkuðu leiti, auk þess væri æskilegt að færa hámarks hlutdeild niður í 1,5% að mínu mati.

Viðmiðunarár

Sú breyting sem gerð var á viðmiðunar tímabilinu frá því að frumvarpið var kynnt í samráðsgátt, verður þess valdandi að fleiri fá úthlutun sem er sanngjarnt að mínu mati, en að taka 2020 með gengur á engan hátt upp í ljósi þess hvernig veiðar voru fordæmalaust stöðvaðar það ár. Það svæði sem að meðaltali mest er veitt á verður fyrir verulegri og varanlegri skerðingu vegna þessa. En veiðar voru ekki hafnar í Breiðafirði þegar ráðherra stöðvaði veiðarnar það árið. Þrátt fyrir að ráðherra hafi stöðvað veiðarnar, þá var hverjum bát sem stundað hafði veiðar í Breiðafirði heimilt að veiða að hámarki 15 tonn og hafði til þess 15 daga. Aflahæsti bátur þeirrar vertíðar veiddi rúm 80 tonn á 44 daga vertíð og meðalveiði þeirra sem ekki voru stöðvaðir var um 35 tonn. Áætla má að milli 30-40 bátar hafi ekki getað stundað veiðarnar eins og þeir áformuðu og fjöldi báta þurfti að draga sín net upp daginn eftir að þeir lögðu eða nokkrum dögum síðar.

Árið 2017 var bætt 12 dögum við grásleppuvertíðina eftir að 62 bátar höfðu lokið veiðum. Gera þarf ráð fyrir leiðréttingu á útreikningum á aflahlutdeild þeirra í frumvarpinu.

Nýliðun

Um áhrif kvótasetningar á nýliðun í greininni er rétt að benda á að skoðað verði t.d hvað margir sem komu inn í strandveiðar sem nýliðar í útgerð, nýttu sér það tækifæri að hefja einnig grásleppuveiðar á árabilinu 2009-2017. Segja má að nánast engin nýtti þennan möguleika. Fullyrða má að þær aflaheimildir sem teknar eru frá fyrir nýliða samkvæmt frumvarpinu, séu ríflegar miðað við hlutfall nýliðunar síðan 2009.

Áhrif á byggðir

Neikvæð áhrif á hinar dreifðu byggðir munu ekki verða þau sem sumir eru að spá fyrir um, að mínu mati og áhugavert að lesa umsagnir sveitarfélaga um þetta með tilliti til hagsmuna þeirra. En það sveitarfélag sem **mestan hag** hefur af því að viðhalda stöðugri


grásleppuútgerð hefur lýst sig mjög afgerandi fylgjandi kvótasetningunni og hefur fært sterk rök fyrir þeirri afstöðu.

Þar sem grásleppa hefur verið veidd undanfarna áratugi, verður hún veidd áfram með t.d. þeim rökum að til að ná árangri á grásleppuveiðum þurfa aðilar sem þær stunda að finna hagkvæm veiðisvæði sem að meðaltali má segja að séu fullnýtt hringinn í kringum landið þar sem þau eru á farsviði grásleppubáta frá heimahöfn hvers og eins.

Um árangur af núverandi veiðistjórnun

Frá því að Hafró byrjaði að gefa út ráðgjöf á grásleppu 2012 hefur illa tekist upp að stýra veiðunum með dögum með það að markmiði að nýta ráðgjöfina. Á þeim tíma sem liðin er vantar um 7.000 tonn upp á að ráðgjöf Hafró hafi verið veidd. En við höfum veitt allt upp í 44% umfram ráðgjöf niður í 37% undir ráðgjöf og að meðaltali er frávikið frá veiði og ráðgjöf um 13% árlega. Fjórum sinnum höfum við veitt umfram ráðgjöf.

Árangur af núverandi veiðistjórnun



Um 1. Grein laga um stjórn fiskveiða

“Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.”

Með því að skoða árangur af núverandi veiðistjórnun er ljóst að árangurinn er ekki hagkvæm nýting. Og ef skoðað er hlutfall þeirra báta sem tryggja sinni áhöfn trausta árlega atvinnu með núverandi fyrirkomulagi á stjórnun veiðana, þá er augljóst að það hefur mistekist. Með því að stýra veiðunum með hlutdeild, geta útgerðir skipulagt sig, skapað traustari atvinnu og rekstrargrundvöll með þeirri hagkvæmni sem veiðstýring með úthlutun aflamarks skapar.

Skoðanakönnun og undirskriftalistar

Gallup framkvæmdi skoðanakönnun um fyrirkomulag grásleppuveiða fyrir Landssamband smábátæigenda árið 2018 og var úrtaki hennar skipt í þrjú flokka miðað við veiðireynslu. Ef frá er tekinn sá flokkur sem enga veiðireynslu hafði á 6 ára tímabili 13-18, var niðurstaðan sú að meirihluti var fylgjandi kvótasetningu. Handhafar 321 grásleppuleyfa sem svöruðu könnun Gallup. (sjá nánar <https://www.smabatar.is/Brimfaxi%20des.pdf>)

Allt frá 2016 hafa undirskriftalistar borist sjávarútvegsráðuneytinu þar sem skorað er á ráðherra að breyta stjórnun veiðanna í úthlutun aflamarks. 2021 bættist enn einn undirskriftalistinn við og var hann undirritaður af þeim sem styðja við breytingar á stjórnun veiðanna yfir í aflamark. Þar náðist í handhafafa 321 grásleppuleyfa og lýstu 244 sig fylgjandi kvótasetningu en 77 voru andsnúnir.

Bæði í könnun Gallup fyrir LS og nýlegum undirskriftalista var fjöldi þátttakanda miðaður við fjölda leyfa. En rétt um 50 aðilar eiga tvö eða fleiri leyfi.

Undirritaður óskar eftir áheyrn atvinnuveganefndar til að ræða málefnið og svara spurningum ef einhverjar eru, er varða þau sjónarmið og skoðanir sem ég hef sett fram í þessari umsögn.

F.h. Bátasmiðjunnar ehf
Axel Helgason